

Fundargerð 455

Fimmtudaginn 26. október 2017 kl. 10:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1 á Sauðárkróki. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Illugi Gunnarsson stjórnarformaður (IG), Einar E. Einarsson (EE), Gunnar Þorgeirsson (GÞ), Ingunn Guðmundsdóttir (IGu), Karl Björnsson (KB) og Rakel Óskarsdóttir (RÓ). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson (AÞ) forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Árni Ragnarsson (ÁR), sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 8), Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs (við dagskrárliði 1-2), Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 5), Snorri Björn Sigurðsson (SBS) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Sigríður Jóhannesdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund kl 10:00 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2017
3. Nýbygging fyrir Byggðastofnun
4. Fundargerðir lánanefndar
5. Aflamark Byggðastofnunar
 - Breiðdalsvík
 - Óráðstafað aflamark
6. Flutningsjöfnunarsjóður – kynning
7. Áhættustefna og áhættureglur – endurskoðun
8. Byggðaáætlun
9. Lántaka
10. Önnur mál
11. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður lagði fram fundargerð síðasta fundar, nr. 454 og var hún samþykkt án athugasemda og dreift til undirritunar.

2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2017

AÞ fór yfir stöðu verkefna og rekstrar 30. september.

SBS fór yfir skiptingu á framlagi til atvinnuþróunar og hvernig hún kom til í upphafi og óskir atvinnuþróunarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga um jafnari skiptingu á framlaginu. Spurt var um heimildir stofnunarinnar til þessa þar sem ákveðin framlög hafa verið ákveðin í fjárlögum. Tillaga að nýrri skiptingu verður lögð fram á næsta stjórnarfundi.

AÞ sagði frá verkefninu Brothættar byggðir, en auglýst var eftir starfsmanni í byrjun október í stað Sigríðar Þorgrímsdóttur.

KB sagði það galla í umsögn Byggðastofnunar um fjárlagafrumvarpið 2018 að ekki væri fjallað um tekjuöflunarhlíð frumvarpsins og græna skatta sem hefðu mikil áhrif á sveitarfélög, eins og t.d. skattar á bensín og olíu, og einnig auðlindaskatt. Það þyrfti að vera til aðferðarfræði og líkön hjá stofnuninni vegna aukinnar greiningarvinnu til að geta metið það.

Farið var yfir rekstur stofnunarinnar fyrstu 9 mánaða ársins.

3. Nýbygging fyrir Byggðastofnunar

AP fór yfir minnisblað um stöðu og undirbúningi að nýju skrifstofuhúsnæði fyrir Byggðastofnun og feril við útboð og framkvæmdina. Lögð var fram kostnaðaráætlun hönnuða og Framkvæmdasýslu ríkisins.

Rætt var um eignarhald á húsnæðinu og fyrirliggjandi kostnaðaráætlun og mikilvægi þess að málið dragist ekki á langinn

Formaður bar upp eftirfarandi tillögu forstjóra: „*Stjórn Byggðastofnunar samþykkir að Ríkiskaup f.h. Framkvæmdasýslu ríkisins bjóði út byggingu hússins á forsendum kostnaðaráætlunar hönnuða þess og Framkvæmdasýslu ríkisins. Framkvæmdasýslan mun svo afla fullnaðarheimildar til útboðs hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu í samræmi við reglur um opinberar framkvæmdir. Umsjón og eftirlit með framkvæmd verksins verður í höndum FSR.*“

Samþykkt samhljóða.

4. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerð lánanefndar nr. 32/17

AME fór yfir fundargerðina.

Fundargerð lánanefndar nr. 33/17

AME fór yfir fundargerðina.

...

...

5. Aflamark Byggðastofnunar

SÁ koma á fundinn undir þessum dagskrárlið.

Auglýst var í lok ágúst eftir umsóknum um samstarf við nýtingu á 400 þorskígilda aflamarki af Aflamarki Byggðastofnunar til allt að sex ára á Breiðdalsvík.

Eftirfarandi umsóknir bárust:

- Sameiginleg umsókn frá Gullrúnu ehf., Goðaborg ehf., Grænnípu ehf. og Búlandstindi ehf.
- Ísfiski ehf.
- Fiskkaupum ehf., en með tölvupósti þann 12. október 2017 dró Ásbjörn Jónsson framkvæmdastjóri Fiskkaupa umsókn félagsins til baka.

AP og SÁ leggja til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Gullrúnu ehf., Goðaborg ehf., Grænnípu ehf. og Búlandstind ehf. um samstarf um nýtingu á 400 þorskígilda aflamarki til allt að sex næstu fiskveiðiára í samræmi við umsókn félagsins. Þá er lagt til að umsókn Ísfisks ehf. verði hafnað þar sem hún uppfyllir ekki skilyrði reglugerðar um aflamark Byggðastofnunar. Um rökstuðning fyrir tillögunni er vísað í minnisblaði sem lagt var fram fyrir fundinn.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

SÁ fór yfir 390 þorskígildistonn sem enn eru óráðstöfuð. Rætt var um verklagsreglur og þá staði sem úthlutað er til.

SÁ vék af fundi.

6. Flutningsjöfnunarsjóður – til kynningar

Lögð var fram til kynningar skýrsla um styrki vegna jöfnunar flutningskostnaðar árið 2017. Úthlutað var 136,2 mkr. til 65 aðila. 53% af styrkjunum var vegna framleiðslu á Norðurlandi eystra og 48% umsókna var vegna framleiðslu fiskafurða.

Umræður urðu um styrkhæfar atvinnugreinar og styrkhæf svæði.

Formaður lagði til eftirfarandi bókun: „*Stjórn leggur til að lög um svæðisbundna flutningsjöfnun nr. 160/2011 verði tekin til endurskoðunar þannig að undir löggin falli fleiri framleiðendur eins og t.d. framleiðendur grænmetis og kílómetratala vegna lengdar ferðar verði stytt frá því sem nú er.*“

Samþykkt samhljóða.

7. Áhættustefna og áhættureglur – endurskoðun

...

Ákveðið var að óska eftir því að umsjónarmaður áhættustýringar myndi koma á næsta fund stjórnar og fara yfir aðrar breytingar á áhættustefnunni og áhættuskýrslu áður en þær yrðu teknar til afgreiðslu.

8. Byggðaáætlun

ÁR kom inn á fundinn undir þessum dagskrárlið.

ÁR kynnti fyrir stjórn þá vinnu sem unnin hefur verið í gerð nýrrar byggðaáætlunar. Ferlinu var lýst og hver staðan væri.

ÁR vék af fundi.

9. Lántaka

MH og AÐ fóru yfir minnisblað sem lá fyrir fundinum varðandi lántöku til að fjármagna útlán stofnunarinnar.

Formaður lagði til að stjórn heimili forstjóra að ganga frá útgáfu á verðtryggðum eða óverðtryggðum skuldabréfaflokki að fjárhæð allt að 3 milljarðar króna til allt að 15 ára. Skuldabréfaútgáfan verður skráð í Kauphöll Íslands og í Verðbréfaskráningu. Þá veiti stjórn forstjóra einnig heimild til að ganga til samninga við þann viðskiptabanka sem veita mun hagstæðasta tilboðið í vinnu við útgáfuna.

Samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál

Ráðstefna um orkumálefni, raforkuflutninga

SBS kynnti undirbúning að ráðstefnu um raforkuflutninga sem haldin verður 21. nóvember nk. í menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Fjallað verður um orkudreifingu og orkuöryggi og munu Landsnet, Orkustofnun, Skipulagsstofnun, fulltrúar sveitarfélaga og atvinnulífs auk fulltrúa náttúruverndarsamtaka og landeigenda taka þátt í ráðstefnunni.

Umræður urðu um hvort hægt væri að undanskilja orkuöflun. Fá þyrfti fram hver framleiðsla á rafmagni sé og mat á raforkuþörfinni. Þá þyrfti einnig að ræða ákvörðun um línulögn og hvernig að henni væri staðið.

Ferðakostnaður íþróttafélaga

Formaður upplýsti að hann hygðist ræða um ferðasjóð íþróttafélaga við samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Skoða mætti hvort efna ætti til samstarfs milli Byggðastofnunar, KSÍ og ÍSÍ varðandi sjóðinn á grundvelli tillögu í drögum að byggðaáætlun þar sem um mikilvægt byggðamál væri að ræða.

Staða minkabænda

EEE ræddi stöðu minkabænda Sterk króna, lág verð og meiri kröfur frá uppboðshúsum gera bændum erfitt fyrir, sérstaklega þeim bændum sem eru með eldri gerð af minkahúsum. Eldri bændur muni eiga í vandræðum með að fjármagna þær breytingar sem kröfur eru uppi um og nú þegar hafi 4 minkabændur ákveðið að hætta.

Ákveðið var að gerð yrði úttekt á stöðu minkabænda og hún lögð fyrir á næsta stjórnarfundum.

Húsnæðisþing

Formaður telur að rétt sé að taka samtali milli Íbúðalánasjóðs og Byggðastofnunar um þau mál sem voru til umræðu á nýloknu húsnæðisþingi sem Íbúðalánasjóður stóð fyrir.

AÐ upplýsti að fyrirhugaður væri fundur stofnunarinnar með Íbúðalánasjóði til að ræða um svæði með markaðsbrest og hann myndi taka það upp við sjóðinn.

11. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 21. nóvember 2017 á Akureyri

Fleiri mál voru ekki rædd og formaður sleit fundi kl. 14:10

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____